

Það voru leifarnar af þeim feldi, sem yljudu nú fótum gamla Péturs. En til kirkju fór hann alla sunnudaga og aðra helgi-laga bæði til hámessu og aftansöngs; en hafði hann tíma til þess. —

Latna guðsóttans brugðust heldur eigi. Pétur Jakob Pétursson var leynifélagi í veðlánastofu og græddi á því of fjár. Hversu þakklátur og hræður í huga klappaði hann þínum sauruðu fimmdala seðlum, strauk þá gælulega og vonflega, áður en hann fór með há í sparisjóði eða víxilbanka, þar sem þessi "litlu skinn áttu að vinna fyrir sér", eins og eigandi þeirra og meistari. Það var þó ef til vill hamingjusamasti tíminn af æfi hans, þessi sjö átta ár í þakkeberginu á Fornastíg.

— — — — —
 Þar fyrir handan, gagnvart heimili hans, bjó Madama Pétursson á neðsta gólfi, ekkja eftir matsala nokkurn. Hún var fullþrúg, nokkuð þrekin eins og matsala konu samir að vera. P. J. Pétursson sá með sínu glöggva auga, að ekkjufri Pétursson hlaut að hafa góða atvinnu af matsölu sinni. Þangað kom fjöldi iðnaðarinnanna — það var nú finasta fólk — svo komu vikasveinar og ökumenn — þeir áttu allir heitan mat. — Síðan komu daglaunamenn, gætuslæningjar og þeirra jafningjar; þeir drukku að eins. En P. I. Pétursson vissi bæði, hvað ein kvarttunna af hvítöli og ein

kvarttunna af kornrennivíni kostaði í stórkaupum, gat reiknað sér til hve miklir Madama Pétursson eyddi, og sem afleiðing af því, hve mikinn afslátt hún fékk hjá seljendunum — það hlaut að vera reglulega góð atvinna í þessu öllu saman, en vinsáan til slarkaranna hlaut þó að vera aðal gróðavegurinn.

P. J. Péturssyni fór að litast verja á ekkjurnaðinni Pétursson. Af því að honum gáfust margar fríundir frá atvinnuvegi sínum, sló hann sér oft í mas við Amakurhonuna í Myntarstræti, þar sent hann keypti reyktu síldina.

— Jú, Madama Pétursson, hún dró nú reyndar hlut á þurru landi. Síðan hún varð ekkja, því maðurinn hennar, hann Niels Pétursson, var reglulegt svín og lá í drykkju-skap með allara versta slarkaralýðnum; þess vegna sendi drottinn líka yfir hann ökæði í þokkabót, því syndin dregur alt af með sér hegninguna, herra Pétursson. En svo ráði líka maddaman handfesti á veitingasölunni, og hún "lánaði" að eins nettustu sveinunum, alt "draslið" varð að borga áður en veitingarnar voru afhentar, og sjáðu nú til, það fylgdi því sannarleg blessun, því hann stóri frændi hennar, sem hafði verið við fótgönguherinn, var nú búinn að gifta sig og orðinn matjurtasali og var í kjallara vfir á horninu á Grænugötunni, og átti aukheldur þrjá hessaða stráka, feita og þrekvaxna, sem gengu í skóla fyrir 3